

# LÖG

## um skráningu raunverulegra eigenda.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

1. gr.

*Markmið.*

Markmið laga þessara er að tryggja að ávallt séu til staðar réttar og áreiðanlegar upplýsingar um raunverulega eigendur aðila skv. 2. gr. svo að unnt sé að greina og koma í veg fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Skrá skal upplýsingar um raunverulega eigendur aðila skv. 2. gr. í fyrirtækjaskrá sem starfrækt er af ríkisskattstjóra.

2. gr.

*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um lögaðila sem stunda atvinnurekstur hér á landi eða eru skráðir í fyrirtækjaskrá, þ.m.t. útibú erlendra hlutafélaga og einkahlutafélaga.

Lögin gilda um erlenda fjárvörslusjóði eða sambærilega aðila sem eiga viðskipti hér á landi, sbr. 5. gr.

Lögin gilda ekki um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga né heldur um lögaðila sem skráðir eru á skipulegum markaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.

Í vafatilvikum sker ríkisskattstjóri úr um það hvort aðili eða flokkur aðila heyrir undir lög þessi.

3. gr.

*Orðskýringar.*

Í lögum þessum merkir:

- Raunverulegur eigandi:* Raunverulegur eigandi samkvæmt skilgreiningu í 13. tölul. 3. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018.
- Skráningarskyldir aðilar:* Aðilar sem falla undir gildissvið laganna skv. 2. gr.
- Stjórnvöld sem hafa með höndum eftirlit eða gegna réttarvörsluhlutverki samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka:* Skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri, lögregla, héraðssaksóknari, tollstjóri og Fjármálaeftirlitið.
- Tegund eignarhalds:* Beint eða óbeint eignarhald á hlutafé eða annars konar eignarheimildum, atkvæðavægi eða annars konar beint eða óbeint ákvörðunarvald, tilnefning stjórnarmanna eða annars konar bein eða óbein yfirráð eða stjórnun skráðs aðila skv. 2. gr.





















